



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á skipan Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar**

Á fundi borgarráðs þann 2. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að erindisbréfi og skipun neyðarstjórnar Reykjavíkur verði breytt. Lagt er til að borgarráð samþykki að í neyðarstjórn taki sæti í það minnsta einn borgarfulltrúi meirihluta borgarstjórnar og einn borgarfulltrúi minnihluta borgarstjórnar ásamt þeim sem þegar eiga sæti. Eins og neyðarstjórnin er samsett nú hafa kjörnir fulltrúar enga aðkomu að henni.*

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. mars sl.

#### **Umsögn:**

Samkvæmt erindisbréfi er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð á hættustundu sem nær bæði yfir hættustig sem og neyðarstig almannvarna. Neyðarstjórn hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana til að forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi. Neyðarstjórn er ætíð virkjuð á neyðarstigi og á hættustigi eftir þörfum enda um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla mála þoli enga bið til að tryggja almannaheill, lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða og verja grunnstoðir í þjónustu borgarinnar til að halda uppi nauðsynlegri starfsemi. Í neyðarstjórn sitja embættismenn, þ.e. borgarstjóri, borgarritari, sviðsstjórar flestra sviða og samskiptastjóri. Neyðarstjórn upplýsir borgarráð um leið og ráðrúm er til á neyðarstigi og fundargerðir neyðarstjórnar eru lagðar fram í borgarráði. Á hættustundu er borgarráð í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar. Í ljósi framangreinds er ekki talin ástæða til að manna neyðarstjórn með kjörnum fulltrúum en sambærilegt fyrirkomulag er viðhaft í öðrum neyðarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari